

Nd.

1313. Nefndarálit

[423. mál]

um frv. til l. um viðskiptabanka.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Önnur grein stjórnarskrárinnar hljóðar svo:

„Alþingi og forseti Íslands fara saman með löggjafarvaldið. Forseti og önnur stjórnarvöld samkvæmt stjórnarskrá þessari og öðrum landslögum fara með framkvæmdarvaldið. Dómendur fara með dómvaldið.“

Fornu flokkarnir á Alþingi hafa tileinkað sér þann undarlega skilning á þessari grein að löggjafarvaldið skuli kjósa stjórnir og ráð fyrirtækja framkvæmdarvaldsins þótt þau heyri beint undir einstaka ráðherra samkv. lögum. Þannig brýtur hagsmunagæslan grundvallarreglu stjórnskipunarinnar um aðgreiningu valdþáttanna. Hlutföll í kosningum til löggjafarsamkomunnar hafa verið teygð inn á umráðasvæði framkvæmdarvaldsins, s.s. í stjórn sementsverksmiðju og kísilmálmverksmiðju og í bankaráð ríkisbanka. Með þessu lagi hefur það orðið hlutskipti banka- og lánastofnana hér á landi að verða leikvangur þingflokka og alþingismanna, — sem þó eru kjörnir til að setja landsmönnum öllum lög.

Að mati 2. minni hl. á ríkisvaldið að hætta rekstri viðskiptabanka. Þess vegna flytur hann tillögu á þskj. nr. 1311 um að ríkisbönkunum verði breytt í hlutafélög og hlutabréfin seld á almennum markaði. Einnig eru á þskj. tillögur um að þangað til gengið hefur verið frá þeirri breytingu skuli viðskiptaráðherra skipa bankaráð ríkisbankanna og að honum verði óheimilt að færa alþingismönnum þann kaleik.

Annar minni hl. styður frv. með breytingartillögu á þskj. 1311.

Alþingi, 15. júní 1985.

Guðmundur Einarsson,
fundaskr.